

Hafnarfirði, 5. júní 2015

Skipulags og byggingarráð Hafnarfjarðar  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfirði

**Efni: Krafa um stöðvun framkvæmda í Strandgötu 31-33**

Með bréfi þessu krefjast íbúar í Gunnarssundi 4 að stöðvaðar verði framkvæmdir við viðbyggingu og breytingar á fasteignum að Strandgötu 31-33 vegna brota á lögum nr. 160/2010 um mannvirki.

Í 9. gr. fyrrnefndra laga segir: „Óheimilt er að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, **breyta því**, burðarkerfi þess eða lagnakerfum eða **breyta notkun þess**, útliti eða formi **nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa**, sbr. 2. mgr., eða Mannvirkjastofnunar, sbr. 3. mgr." [feitiletrun undirritaðra]

Eigendur fasteignarinnar hafa ekki enn fengið byggingarleyfi til að breyta fasteigninni, líkt og 9. gr. laga um mannvirki gerir áskilnað um. Með hliðsjón af mikilli vinnu við fasteignina seinustu mánuði er ljóst að húsinu hefur verið breytt töluvert - í bága við fyrrnefnda grein. Þá benda undirrituð einnig á að með framkvæmdunum hefur notkun hússins verið breytt með þeim hætti að brotið er gegn greininni, en ekki er lengur um skrifstofuhúsnæði að ræða.

Ekki verður séð að neinar af þeim undanþágum sem tilgreindar eru í lagagreininni eigi við um framkvæmdirnar. Af einhverjum ástæðum hefur bærinn hingað til látið munnlegar athugasemdir undirritaðara sem vind um eyru þjóta.

Með vísan til alls ofangreinds er þess krafist að framkvæmdir í húsnæðinu verði stöðvaðar, a.m.k. þar til byggingarleyfi hefur verið gefið út, líkt og lög gera kröfu um, og að undirrituðum verði svarað formlega hverju sætir því að framkvæmdir hafi hafist og eru jafn langt komnar og raun ber vitni þrátt fyrir að ekkert byggingarleyfi sé til staðar. Óskað er eftir ítarlegum rökstuðningi með vísan til viðeigandi heimilda í lögum.

Virðingarfyllst

  
Ellert Gissurásson

  
Selma Björk Petersen

